

07.14

ALYKTUN FRÀ KVENNALISTANUM

Kvennalistakonur átelja harðlega, að enn einu sinni skuli íslensk ríkisstjórn setja bráðbirgðalög á launafólk. Þannig er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðféluginu.

Núverandi ríkisstjórn hóf feril sinn með því að framlengja bann á kjarasamninga, sem var meginástæða þess, að Kvennalistinn hafnaði aðild að henni.

Ríkisstjórnin setur nú lög á eigin samninga og beitir valdi sínu þannig til að hnekkja dómi Félagsdóms. Nú eru það samtök háskólamanna, sem beitt eru lögþvingunum til þess að sveigja þau undir vilja stjórnvalda. Hverjir verða næstir?

Í raun felst í nýsettum bráðabirgðalögum afnám réttar alls launafólks til þess að semja um laun sín, því ríkisstjórnin hefur sýnt, að hún er tilbúin til lögþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma.

Þáttur forystumanna ASÍ og BSRB vekur furðu, þar sem þeir hafa tekið undir þann áróður, að laun almenns launafólks séu meginvaldur verðbólgu, og berjast nú jafnvel harðar gegn öðru launafólki en atvinnurekendum.

Þetta eru alvarleg tiðindi fyrir almenning í landinu. Að hvaða leið er samfélag, þar sem stjórnvöld, atvinnurekendur og stærstu samtök launafólks sameinast um að svípta hluta launafólks samningsrétti? Hvernig er lýðræðinu hattar, þar sem stjórnvöld óvirða mannréttindi og dómstóla?

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn, sem setur lög á eigin gerðir, er ekki hæf til að stjórna landinu, og á að segja af sér.

Reykjavík, 3. ágúst 1990

F. h. þingflokkus Kvennalistans

Kristín Einarsdóttir